

Framkvæmdafréttir NLSH

Frá NLSH <postur@nlsh.is>
Dagsetning Fös 17. júl. 2026 07:58
Til thorkellsig@gmail.com <thorkellsig@gmail.com>



Framkvæmdafréttir 117 17.07 2026



Nýr Landspítali staða framkvæmda og fréttir af verkefninu


- Staða byggingaverkefna í júlí:
- Meðferðarkjarni
- Rannsóknahús
- Bílastæða og tæknihús
- Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Grensásdeild Landspítala
- Bráðamóttaka LSH í Fossvogi

- Nýbygging við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk)
- Fjármála- og rekstrarsvið skrifstofu Alþingis í heimsókn

Staða byggingaverkefna í júlí



Gangur á sjöttu hæð í stöng eitt í meðferðarkjarna.



Legudeild á fimmtu hæð í stöng fimm í meðferðarkjarna.

Meðferðarkjarni

Áfram er unnið við innanhússfrágang á legudeildum og gengur sú vinna vel. Unnið er á fullu í öllum stöngunum fjórum. Í stöngum eitt og tvö er verktaki hálfnaður með verkið. Þar er flísalögn, dúklögn og uppsetning kerfislofta í fullum gangi og einnig málning veggja. Í stöngum fjögur og fimm er verið að setja upp veggj auk pípu- og raflagna og áætluð verklok eru í janúar 2028 og verktaki verksins er ÞG verk,“ segir Sigurjón Sigurjónsson staðarverkfræðingur hjá NLSH.

Framkvæmdir við innanhússfrágang í meðferðarkjarna halda áfram þrátt fyrir sumarleyfistímann. Unnið er á flestum hæðum hússins og færast starfsemin jafnt og þétt í aukana.

Helstu verkþættir eru uppsetning innveggja, málningarvinna, pípulagnir og loftræsing. Samhliða fjölgun verktaka og verkþátta verður samræming framkvæmda sífellt umfangsmeiri.

„Góður gangur er í innanhússframkvæmdum og fjölbreytt vinna fer nú fram víða um húsið. Mikil áhersla er lögð á samræmingu verkþátta, enda þurfa byggingarframkvæmdir og uppsetning tækniherfa að haldast vel í hendur,“ segir Árni Kristjánsson, staðarverkfræðingur hjá NLSH.

Ístak stýrir hliðarsamningum frá kjallara upp á fjórðu hæð. Áfram er unnið að undirbúningi sérhæfðra svæða og tækjabúnaðar í samráði við framleiðendur lækningatækja.

Myndband af meðferðarkjarnanum frá 8. júlí má sjá hér:
<https://www.youtube.com/watch?v=IXI876tU8Hc>



Rannsóknahúsið er hannað þannig að veggir og innréttingar eru sveigjanlegar svo hægt sé að breyta skrifstofu og rannsóknaryrjum á skömmum tíma eftir þörfum starfseminnar.

Rannsóknahús

Framkvæmdir við rannsóknahúsið eru í fullum gangi þrátt fyrir sumarleyfistíma. Uppsetning útveggjakerfis heldur áfram og nú er unnið að undirbúningi næstu mikilvægu verkþátta við lokun hússins.

„Þrátt fyrir sumarfrí er áfram góður gangur í framkvæmdum við rannsóknahúsið. Nú er unnið að því að taka niður kranann í miðju hússins, svo hægt verði að setja upp síðustu stálbitana fyrir þakgluggann yfir miðryminu. Samhliða því er undirbúningur fyrir uppsetningu gluggakerfis þakgluggans hafinn,“ segir Árni Kristjánsson, staðarverkfræðingur hjá NLSH.

Uppsetning gluggakerfis í þakglugga hefst þegar lokið hefur verið við uppsetningu stálvirkisins og það tekið út, en áfram er unnið að uppsetningu útveggjakerfis, frágangi þaka og regnvatnslagna.

Þessir verkþættir eru mikilvægir fyrir lokun hússins og til að tryggja að það verði vatnshelt samkvæmt áætlun. Útboð vegna innanhússfrágangs hefur jafnframt verið auglýst, sem markar mikilvægt skref í undirbúningi næsta áfanga framkvæmdarinnar. Samhliða því er unnið að frekari undirbúningi tækniherfa og annarra verkþátta sem hefjast þegar húsinu hefur verið lokað.

Myndband af rannsóknahúsinu frá 8. júlí má sjá hér:
<https://www.youtube.com/watch?v=3w2fWxHk6vE>




Malbiksframkvæmdir við Hvannargötu.

Bílastæða- og tæknihús

Unnið er að lokafrágangi á bílastæða- og tæknihúsinu og umhverfi þess. Búið er að malbika norðurhluta Hvannargötu sem mun nýtast sem aðkoma að húsinu.

„Það stýttist í öryggisúttekt byggingarfulltrúa og slökkviliðs, sem er nauðsynleg til að fá leyfi til að nýta bílastæða- og tæknihúsið,“ segir Sigurjón Sigurjónsson staðarverkfræðingur hjá NLSH. Í Bílastæða- og tæknihúsinu verða rúmlega 500 bílastæði á 16 pöllum auk 200 stæða fyrir reiðhjól.



Horft í miðrými í Húsi Heilbrigðisvísindasviðs.

Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Góður gangur er í uppsetningu glerveggjakerfis sem kemur á Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Uppsetning prófíla og glerjun er langt komin á suður og austur hlið hússins og einnig er hafin uppsetning á prófílum á norður hlið. Fyllt hefur verið að húsinu og tengigangi að norðanverðu þannig að athafnasvæðið við Burknagötu hefur stækkað til muna.

Samlokueiningar sem koma á stálvirki fimmtu hæðar er svo væntanlegar um miðjan júlí og hefst uppsetning á þeim í kjölfarið.

„Með uppsetningu á glerveggjakerfinu fer útlit hússins að koma í ljós,“ segir Jóhann Gunnar Ragnarsson verkefnastjóri hjá NLSH.



Allt á fullri ferð í innanhússvinnunni á Grensásdeild.

Grensásdeild Landspítala

Framkvæmdir við stækkun Grensásdeildar halda áfram samkvæmt áætlun og eru nú á lokastigi. Byggingin er veðurpétt og ytri frágangi að mestu lokið. Unnið er að síðustu verkþáttum utanhúss samhliða áframhaldandi innri frágangi. Innanhúss eru framkvæmdir langt komnar. Uppsetning innréttinga og búnaðar heldur áfram víðs vegar um húsið og lokafrágangur stendur yfir á raf-, lagna- og stjórnkerfum. Jafnframt er unnið að frágangi yfirborða, prófunum einstakra kerfa og undirbúningi fyrir heildargangsetningu byggingarinnar.

Á næstu mánuðum verður megináhersla lögð á gangsetningu og samþættar prófanir tækni-kerfa, ásamt úttektum og staðfestingu á virkni þeirra. Sú vinna er mikilvægur þáttur í að tryggja að öll kerfi uppfylli kröfur um öryggi, gæði og rekstrarhæfni áður en húsnæðið verður tekið í notkun.

„Verkefnið hefur þróast vel undanfarna mánuði og framkvæmdir eru í góðu samræmi við verkáætlun. Áherslan er nú á lokafrágang, uppsetningu búnaðar og gangsetningu tækni-kerfa. Markmiðið er að afhenda húsnæðið samkvæmt áætlun í haust og skapa aðstöðu sem styður sem best við starfsemi Grensásdeildar til framtíðar,“ segir Kristinn Jakobsson, verkefnastjóri hjá NLSH.




Unnið er við frágang innanhúss á matsdeild bráðamóttöku Landspítala.

Bráðamóttaka LSH í Fossvogi

Áfram er unnið við stækkun á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi.

Um er að ræða hönnun, framleiðslu á húseiningu og að reisa nýja 700 fermetra matsdeild fyrir bráðamóttökuna í Fossvogi. Í húsnæðinu verða meðal annars 20 legurými, vaktherbergi og ýmis önnur rými tengd starfsemi spítalans. Tengigangur verður yfir í núverandi byggingu Landspítala í Fossvogi.

„Áfram er unnið við frágang innanhúss í matsdeildinni og uppsetningu tækniherfa. Í ágúst verður gengið frá svæðinu umhverfis matsdeildina,“ segir Steinar Þór Bachmann verkefnastjóri hjá NLSH.“



Jarðvinnuframkvæmdir eru að hefjast við SAK vegna byggingar nýrrar legudeildarbyggingar.

Nýbygging við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk)

Jarðvinnuframkvæmdir eru að hefjast á lóð Sjúkrahússins á Akureyri við ný bílastæði á svæðinu milli Búðatröð og Þórunnarstrætis. Þegar þeim verkþætti er lokið að mestu hefst jarðvinna í grunni vegna byggingar á 13.600 m² legudeildarbyggingu við Sjúkrahúsið á Akureyri.

Í nýbyggingunni, sem tengist, núverandi húsnæði verður komið upp aðstöðu fyrir skurðlækningadeild (36 stofur), lyflækningadeild (36 stofur) og geðdeild (12 sjúkrastofur og tveimur öryggiseiningum fyrir geðgjörgæslu) ásamt stoðrymum og þá verður til staðar glæsileg nútíma dag- og göngudeild geðdeilda.

Gert er ráð fyrir að nýbyggingin verði staðsett sunnan við núverandi byggingar á lóð SAK og tengd núverandi húsnæði.

Kynningarbréf hefur verið sent til íbúa sem búa í næsta nágrenni við lóð sjúkrahússins og má lesa efni bréfsins hér:

https://nlsh.cdn.prismic.io/nlsh/PsUMEaT_86NwjH8B_NLSHSAk-dreifibrefA5-PRENT.pdf

Fjármála- og rekstrarsvið skrifstofu Alþingis í heimsókn



Það var sól og fallett veður þegar hópur starfsmanna fjármála – og rekstrarsviðs Alþingis heimsóttu framkvæmdasvæðið.

Fulltrúar frá fjármála – og rekstrarsviði skrifstofu Alþingis komu nýlega í heimsókn og fengu fyrirlestur um stöðu verkefna og skoðunarferð um framkvæmdasvæðið.


Gísli Georgsson frá NLSH kynnti helstu framkvæmdaverkefni NLSH og að kynningu lokinni var skoðunarferð undir stjórn Ólafs M. Birgissonar, sviðsstjóra framkvæmdasviðs og

Sigurjóns Sigurjónssonar staðarverkfræðings.

„Starfsmenn af fjármála- og rekstrarsviði skrifstofu Alþingis heimsóttu nýlega Nýja Landspítalann. Gísli Georgsson, verkfræðingur, fræddi hópinn um sögu verkefnisins og sýndi myndir, teikningar og annað efni frá ferlinu. Svo var gengið um allar hæðir meðferðarkjarnans og kíkt í rannsóknarbygginguna. Það var mjög áhugavert að sjá ítarlegar teikningar sem sýna hvernig svæðið verður þegar allt er tilbúið. Flest úr hópnum hafa gengið, hjólað eða keyrt fram hjá byggingarsvæðinu svo árum skiptir, en það var allt önnur upplifun að fá að sjá inn fyrir klæðninguna. Heimsóknin var einstaklega fróðleg og skemmtileg. Hún var líka hressandi fyrir þau okkar sem muna vel eftir byggingu Smiðju, verkefni sem þótti svo stórt að varla var hægt að halda utan um, en bliknar í samanburði við þetta viðamikla verkefni. Við þökkum kærlega fyrir afar góða heimsókn,“ segir Arnór Steinn Ívarsson, fræðslu og upplýsingafulltrúi.

Skýringarmynd

Yfirlitsmynd af svæðinu sem sýnir framkvæmdasvæði nýs Landspítala og gönguleiðir



Akstursleið Akstursstefna Gönguleið Vinnusvæði

Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ólafur M. Birgisson sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH, 896 7330 eða netfangið olafur@nlsh.is

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Andri Ólafsson 863 8595
andriol@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is



nlsh.is

NLSH ohf. / Alaskareitnum við Burknagötu / Póstfang: Pósthólf 20, 121 Reykjavík
Aðalnúmer 551 6010 / kt. 500810-0410 / postur@nlsh.is

Höfundaréttur © NLSH ohf.

Póstfang:
postur@nlsh.is

Viltu breyta viðtöku á fjöldapóstinum?
Hér má breyta skilyrðum [update your preferences](#) eða afskrá [unsubscribe from this list](#).

This email was sent to thorkellsig@gmail.com
[why did I get this?](#) [unsubscribe from this list](#) [update subscription preferences](#)
Nýr Landspítali ohf · Pósthólf 20 · Reykjavík IS-101 · Iceland

